



Skíðaping 2021

haldið á Akureyri 29.-30. október

ÞINGSKJAL nr. 12

Tillaga að breytingum á lögum SKÍ

Flutningsaðili: SKRR og Breiðablik

Var:

1.grein

b. Aðsetur og varnarþing SKÍ er á Akureyri.

Verður:

1.grein

b. Aðsetur og varnarþing SKÍ er í **Reykjavík**.

Rökstuðningur (á næstu síðu):

Vísað til: Alpagreinanevndar Skíðagöngunefndar Snjóþrettanefnd Allsherjarnefnd

Afgreiðsla: Samþykkt Felld



Skíðaping 2021

haldið á Akureyri 29.-30. október

Stjórn Skíðasamband Íslands

Ágæti formaður

Með vísan í 5. gr. laga Skíðasambands Íslands gerum við eftirfarandi tillögu að breytingum á lögum sambandsins og óska eftir að hún verði tekin til afgreiðslu á þingi sambandsins sem tilkynnt hefur verið að skuli fara fram 29. til 30. október næst komandi.

Í 5. gr. laganna segir að skíðaping skuli halda í október á hverju ári og að laga- og reglugerðarbreytingar ásamt öðrum málefnum sem taka á fyrir á þinginu skulu berast stjórn SKÍ í síðasta lagi þremur vikum fyrir þingið. Tillagan er því send í dag 7. október með sannanlegum hætti og óskast staðfesting send mér um að hún hafi borist réttilega og verði tekin fyrir á þinginu eins og lög gera ráð fyrir.

Lagt er til að í stað orðanna "á Akureyri" í b. lið 1. greinar komi: í Reykjavík

Greinargerð með tillögu:

Með tillögu þessari er lögð til breyting á 1. grein laga Skíðasambands Íslands, þannig að ákvæðið verði uppfært til þess sem réttara er.

Í b. lið 1. greinar segir að aðsetur og varnarþing SKÍ sé á Akureyri. Hið rétta er að aðsetur og öll meginskriðstofustarfsemi er á aðalskriðstofu Íþróttasambands Íslands í Laugardal í Reykjavík. Má því ljóst vera að aðsetur og varnarþing eru í dag í Reykjavík.

Íðkun, keppnir og efling íþróttarinnar fer svo fram um allt land, undir starfsemi aðildarféлага. Þá hefur allt starf sambandsins vegna landsliða þróast og breyst mikið á síðustu árum og æfa landslið sambandsins þar sem aðstæður best leyfa hverju sinni, bæði hérlendis og erlendis. Þannig að núorðið er ekki lengur sú tenging við Akureyri sem var þegar aðsetur sambandsins var fært til Akureyrar.

Því er ljóst að núverandi ákvæði um aðsetur og varnarþing á ekki lengur við og því lagt til að orðalagi verði breytt til samræmis við raunverulegar aðstæður.

Eins hefði mátt gera tillögu um að fella ákvæðið niður og hefði þá aðsetur og varnarþing helst verið ákveðið eftir því hvar starfsstöð þess er, sem augljóslega er í Reykjavík í dag, sem aftur styður við breytingartillöguna eins og hún er sett fram.

Reykjavík 7. október 2021

Fyrir hönd SKRR

Fyrir hönd Breiðablik

Vísað til: Alpagreinanevndar Skíðagöngunefndar Snjóþrettanefnd Allsherjarnefnd

Afgreiðsla: Samþykkt Felld